

Sp.

20. Tillaga til þingsályktunar

[20. mál]

um ár aldraðra.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Sverrir Hermannsson, Matthías Bjarnason, Albert Guðmundsson, Salome Þorkeldsdóttir, Matthías Á. Mathiesen, Halldór Blöndal, Ólafur G. Einarsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Friðrik Sophusson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson, Jósef H. Þorgeirsson, Steinþór Gestsson, Lárus Jónsson, Egill Jónsson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Geir Hallgrímsson, Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að tileinka árið 1982 málefnum aldraðra.

Alþingi kýs sjö manna nefnd til að vinna að framgangi þeirra og skal hún eiga samvinnu við stjórnskipaða nefnd sem vinnur að lagasetningu um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða.

Skal nefndin vinna að því að meta þörf brýnna átaka og úrbóta auk framtíðarverkefna, bæði staðlægra og á landsmælikvarða, og vinna að fjáröflun og framkvæmdum á þessu sviði.

Stefnt verði að því að ljúka sem flestum verkefnum á ári aldraðra og lagður grundvöllur að þeim sem lengri tíma taka.

Sérstaklega skal lögð áhersla á samvinnu og þátttöku þeirra samtaka, sem vinna að hagsmunamálum aldraðra, og þeirra klúbba og félaga, sem alltaf eru reiðubúin til að leggja mannúðar- og menningarmálum lið.

Í samræmi við ályktun þessa skal hin þingkjörna nefnd skipa undirnefndir til starfa innan landshluta, kjördæma, heilsugæslusvæða eða einstakra sveitarfélaga.

Greinargerð.

4. desember 1978 samþykkti Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna tillögu (33/52) sem fól aðalritara samtakanna að undirbúa heimsráðstefnu um ellimál á árinu 1982.

Þessi samþykkt var ítrekuð með ályktun í desember 1980 (35/129) og þá ætlunin að á ráðstefnunni yrði hleypt af stokkunum alþjóðlegri áætlun sem miðist við að tryggja efnahagslegt og félagslegt öryggi aldraðs fólks svo og að skapa tækifæri til framlaga í þessum efnum af hálfu einstakra þjóða. Enn fremur samþykkti þingið ályktun efnahags- og félagsmálaráðs (1980/26) þar sem þess er óskað meðal annars að ritarinn undirbúi alþjóðlega framkvæmdaáætlun í samráði við aðildarþjóðirnar.

Aðalritarinn lagði til í dagskrá sinni fyrir alþjóðaráðstefnu um öldrunarmál (skjal A/35/130), að öldrunarmálin skyldu hugleidd í nánnum tengslum við þróun efnahags- og félagsmála í heiminum, svo að menn geti gert sér grein fyrir, hve margþætt þau eru, og átti sig á því, að öldrunarmálin eru vandamál hvers samfélags í heild.

Með þetta í huga taldi aðalritarinn ráðlegt að skipa skyldum málum á alþjóðaráðstefnunni í tvo aðalflokka: mannúðarmál og þróunarmál. Hann lagði hins vegar áherslu á að þessir tveir málaflokkar væru hvor öðrum háðir og nátengdir innbyrðis; mannúðarsjónarmiðin hafa oft áhrif á hina ýmsu valkosti á sviði þróunar og verða jafnframt fyrir áhrifum af þeim.

Með tilliti til þeirrar staðreyndar, að það verða þessi vandamál, sem um verður fjallað á alþjóðaráðstefnunni um öldrunarmál, virðist vel við hæfi og æskilegt að hin alþjóðlega starfsáætlun mæli meðal annars með framkvæmdum á alþjóðlegum, svæðisbundnum og þjóðlegum sviðum í þessum efnum.

Um einstök viðfangsefni innan þessara tveggja aðalmálflokka er síðan fjallað öllu nánar í dagskrá aðalritarans (A/35/139) sem getið er hér að ofan. Þau eru í stuttu máli sem hér segir:

MANNÚÐARMÁL eru þau mál sem fjalla um sérstakar þarfir einstaklinga þegar aldurinn færist yfir þá. Þar verður athyglinni einkum beint að heilsufari, húsakosti og umhverfi, félagslegri velferð, tekjum, tryggingum, menntun og fjölskyldumálum, eins og þessi atriði snerta þarfir hinna öldruðu.

PRÓUNARMÁL eru þau mál sem fjalla um vandamál tengd „öldrun hópa“ innan samfélagsheildarinnar. Verður þar einkum fjallað um hækkandi aldur þjóða og áhrifin af breyttri aldursflokkaskiptingu á félagslega og efnahagslega þróun og þá einkum í dreifbýli. Þá verður og fjallað um hlutverk aldraðra í þróunarrásinni þar eð þeir eru bæði orsakavaldar og þiggjendur.

Í samræmi við þann vilja Alþingis á s. l. vori að vísa frv. ríkisstjórnarinnar um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða aftur til hennar, ásamt þingsályktunartillögu sem Jóhanna Sigurðardóttir o. fl. fluttu, svo og framangreinda ályktun Sameinuðu þjóðanna frá 1980, skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd um málefni aldraðra, án tilnefningar, sem tók til starfa í byrjun september. Þeir, sem skipaðir voru, eru fjórir og mynda þeir nefndina ásamt stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Í skipunarbréfi nefndarmanna segir svo m. a.:

„Nefndin fær annars vegar það hlutverk að annast undirbúning alþjóðaárs aldraðra 1982 í samræmi við ályktun þings Sameinuðu þjóðanna (A/Res/35/129) 11. desember 1980 og hins vegar að gera tillögur til ráðherra um samræmingu á skipulagi í heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða með tilliti til félagslegra og heilsufarslegra sjónarmiða, sbr. þingsályktun hér að lútandi, sem vísað var til ríkisstjórnarinnar frá sameinuðu Alþingi í maí s. l. (Þingskjöl 23 og 936).“

Í fjölmörgum löndum hefur sú leið verið farin sem á er bent í einum lið ályktunartillögu S. þ., að stofna framkvæmdanefndir innan viðkomandi landa sem starfi í anda áætlunar aðalritara S. þ., en í samræmi við menningu, venjur og hefðir landanna. Í nokkrum löndum hefur þegar verið gengið enn lengra og þá að nokkru í þá átt sem lagt er til á þáttill. Þessari. Er þetta skiljanlegt þegar haft er í huga að einn megin tilgangur heimsráðstefnunnar er að veita fulltrúum ríkisstjórna, félaga og samtaka almennings, sem vinna að málefnum aldraðra, og síðast en ekki síst fulltrúum hinna öldruðu sjálfra, tækifæri til að hittast, skiptast á skoðunum og skýra frá eigin reynslu í þeim málum sem rædd verða.

Heimsráðstefnan á að beina leitarljósinu að þeim aðstæðum sem áhrif hafa á aldraða og stöðu þeirra í samfélaginu.

Ráðstefnan á sérstaklega að benda á þá þætti, sem krefjast breytinga, og beita sér fyrir að efla allan stuðning við þau samtök sem vinna fyrir og með öldruðu fólki.

Á meðal nágrannaþjóða okkar á Norðurlöndum og víðar er sú stefna viðurkennd, að þegar þessi mál eru á dagskrá eru kallaðir til fulltrúar frá hinum félagslegu, sterku og vel skipulögðu heildarsamtökum, sem starfa að hinum ýmsu þáttum öldrunarmála. Og innan þeirra vébanda eru að sjálfsögðu samtök aldraðra sjálfra.

Slík samtök, sem eiga aðild, félaga annars vegar frá Norðurlöndunum öllum og hins vegar frá Evrópulöndunum, hafa verið kölluð til í sambandi við undirbúning Vínarráðstefnunnar, og sterkar óskir hafa komið fram um að fulltrúar aðildarféлага þessara samtaka innan hvers lands fyrir sig verði kallaðir til á næsta undirbúningsfund sem verður haldinn í janúar.

Þegar er mikill áhugi hér heima fyrir ráðstefnu þessari og fyrir því að nota þetta tækifæri til að helga árið 1982 málefnum aldraðra með verulegu átaki sem víðast um landið.

Snemma í maí s. l. samþykktu Sjómanna dagssamtökin í Reykjavík og Hafnarfirði eftirfarandi tillögu, sem send var viðkomandi ráðuneytum og fjölda annarra aðila svo sem tillagan ber með sér.

„Þing Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt að efna til heimsráðstefnu í Vín um málefni aldraðra á árinu 1982.

Fjölmargar þjóðir hafa þegar ákveðið að helga þetta ár skipulagningu, umbótum og framkvæmdum innan þessa víðtæka málaflokks í heimalöndum sínum.

Aðalfundur Sjómannadagsráðs í Reykjavík og Hafnarfirði, haldinn dagana 2. og 9. maí 1981, samþykkir að beina þeirri áskorun til allra félaga og hagsmunasamtaka, sem hafa á stefnuskrá sinni menningar- og mannúðarmál, og allra annarra, sem vilja starfa að hagsmunamálum aldraðra, að þeir vinni að því að árið 1982 verði sérstaklega helgað málefnum aldraðra hér á landi.“

Nú er verið að leggja síðustu hönd á stofnun Öldrunarráðs Íslands, sem mun sameina innan sinna vébanda alla þá aðila, sem þegar vinna að málefnum aldraðra, og ljá þeim frekara lið.

Um markmið þessara nýju samtaka segir svo í lögum þeirra m. a.:

- a) vinna að samræmdri stefnu í málefnum aldraðra og framkvæmd hennar,
- b) koma fram fyrir hönd aðila sinna eftir því sem við á, m. a. í samskiptum þeirra við stjórnvöld,
- c) beita sér fyrir ráð- og námstefnum fyrir þá sem vinna launuð eða sjálfbodin störf að málefnum aldraðra og námskeiðum til undirbúnings starfsloka og til endurhæfingar,
- d) beita sér fyrir rannsóknum og almennri upplýsingar- og fræðslustarfsemi um málefni aldraðra,
- e) koma á fót upplýsingamiðstöð með heimildargögnum er varða öldrunarmál, veita aðilum sínum aðstoð við skipulagningu verkefna og framkvæmd þeirra og
- g) annast samskipti við erlenda aðila samkvæmt samþykktum aðalfunda.

Virðist flm. sjálfsagt að fulltrúar slíkra aðila séu kallaðir til, enda þar nær allir, sem til þessa hafa sýnt þessum málum áhuga, auk þess þýðingarmikil samtök sem hafa ekki áður gert sig gildandi sem slík. Þetta og margt annað sýnir tvímælalaust ótvíræðan vilja þjóðarinnar til að hefjast nú þegar handa og gera verulegt átak í málefnum aldraðra.

Virðast heimsráðstefna S.þ. í Vín á næsta ári og ár aldraðra hér á Íslandi vera ákjósanleg tækifæri til þjóðarsamstöðu um framkvæmd og stefnumótun.